

Nd.

269. Frumvarp til laga

[152. mál]

um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilt að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförnum árum fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í.

2. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis.

Lánstíma skal miða við áætlaðan endingartíma hinna veðsettu eigna. Hámarks-lánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár, lán út á skip 15 ár og lán út á vélar 10 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn stofnlánadeildarinnar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því að hún varð til.

3. gr.

Telji stjórn stofnlánadeildarinnar, að fengnum tillögum frá viðskiptabanka umsækjanda, þörf á sérstakri athugun á fjárhag umsækjanda, áður en unnt verði að afgreiða lánbeiðni frá honum, getur hún tikynnt það skiptaráðanda, og er þá hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til lánsúmsókn hefur verið afgreidd, þó aldrei lengur en til 31. desember 1961. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta á því tímabili.

Frá því stofnlánadeild hefur sent ofangreinda tilkynningu til skiptaráðanda og þar til lánsúmsókn hefur verið afgreidd, þó ekki lengur en til 31. desember 1961, má lánbeiðandi ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.

4. gr.

Lánveitingar samkvæmt lögum þessum skulu háðar ákvæðum laga nr. 41/1946, þó ekki ákvæðum 3.—11. greinar.

Í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með bankamál, gefur út að fengnum til-
lögum stjórnar stofnlánadeildarinnar, skal setja nánari reglur um lánskjör og önnur
atriði, eftir því sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrár-
innar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

**Bráðabirgðalög um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka
Íslands til að opna nýja lánaflökka.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að sjávarútvegurinn eigi
nú við að etja rekstrarfjárörðugleika, er einkum stafi af því, að fyrirtæki
hafi á undanförnum árum ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma vegna
þeirra framkvæmda, sem þau hafi ráðizt í. Um leið og vertíð hefst sé því
nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að allmiklu af skuldum sjávar-
útvegsins til skamms tíma verði breytt í löng lán. Ríkisstjórnin telur því
brýna nauðsyn bera til, að stofnlánadeild sjávarútvegsins verði nú þegar
heimilað að opna nýja lánaflökka, er geri henni kleift að vinna að lausn þess-
ara mála. Jafnframt er nauðsynlegt, að ákvæði séu sett um heimild til tíma-
bundinnar innheimtustöðvunar, sem grípa megi til, ef á þarf að halda, til þess
að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun á meðan verið er að athuga fjárhag
fyrirtækja, sem sækja um lán.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja viðbótarlög um
stofnlánadeild sjávarútvegsins, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrár-
innar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilt að opna nýja lánaflökka í þeim tilgangi
að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki
á undanförunum árum fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda,
sem þau hafa ráðizt í.

2. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum
sjávarútvegsins og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis.

Lánstíma skal miða við áætlaðan endingartíma hinna veðsettu eigna. Hámarks-
lánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár, lán út á skip 15 ár og lán
út á vélar 10 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn stofnlánadeildarinnar að höfðu samráði við
ríkisstjórn.

Áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar frá því að hún varð til.

3. gr.

Telji stjórn stofnlánadeildarinnar, að fengnum tillögum frá viðskiptabanka umsækjanda, þörf á sérstakri athugun á fjárhag umsækjanda, áður en unnt verði að afgreiða lánbeiðni frá honum, getur hún tikynnt það skiptaráðanda, og er þá hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til lánsúmsókn hefur verið afgreidd, þó aldrei lengur en til 31. desember 1961. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta á því tímabili.

Frá því stofnlánadeild hefur sent ofangreinda tilkynningu til skiptaráðanda og þar til lánsúmsókn hefur verið afgreidd, þó ekki lengur en til 31. desember 1961, má lánbeiðandi ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánnum og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.

4. gr.

Lánveitingar samkvæmt lögum þessum skulu háðar ákvæðum laga nr. 41/1946, þó ekki ákvæðum 3.—11. greinar.

Í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með bankamál, gefur út að fengnum tillögum stjórnar stofnlánadeildarinnar, skal setja nánari reglur um lánskjör og önnur atriði, eftir því sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. janúar 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.